

**Nr. 073 / 16 Brynjólfur VE 3*****Skipverji slasast á baki***

Skipaskr.nr. 1752  
IMO nr. 8303410  
Smíðaður: Akranesi 1987 stál  
Útgerð: Vinnslustöðin hf  
Stærð: 299 brl. 531,5 bt.  
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m  
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m  
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987  
Fjöldi skipverja: 12



Brvniólfur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 2. febrúar 2016 var Brynjólfur VE 3 við bryggju í Vestmanneyjum. Veður: NNA 6 m/s

Skipverjar voru að setja veiðarfærin í land en við hífingu á grandara út af tromlu slitnaði stroffu og gilskrókur slóst í bakið á einum þeirra með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

**Við rannsókn kom fram:**

- að stroffan sem notuð var á pokagilsinn slitnaði þegar grandaraspilið stoppaði, gilskrókurinn lenti þá með mikilum krafti í bakið á skipverjanum;
- að skipverjar voru að taka grandara út af spilinu og setja í fiskikar til geymslu. Slakað var út af grandaraspilinu og híft í grandarann með pokaspilinu;
- að stroffan sem notuð var til verksins var gömul og sjórekin en hún hafði komið upp með trollinu nokkru áður;
- að sögn stýrimanns voru skipverjar að flýta fyrir sér með því að grípa til þessarar gömlu stroffu;
- að slasaði sagðist vera einn fárra skipverja sem notaði hjálm en skipstjóri sagði að allir væru með hjálm á togveiðum og einnig í uppblásanlegum björgunarvestum.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var sú að skipverjar voru á flýta sér og notuðu lélega stroffu við hífinguna.